**Samband íslenskra sjóminjasafna**

**Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 13**

---

# Bátaskrá
# Minjasafns Egils Ólafssonar,
# Hnjóti

**Helgi Máni Sigurðsson**

**30.1. 2020**

# Inngangur

Á Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti við Örlygshöfn er safn merkilegra muna frá sunnanverðum Vestfjörðum sem segja sögu sjósóknar, landbúnaðar og daglegs lífs. Þessir munir veita innsýn í lífsbaráttu fólks og þá útsjónarsemi og sjálfsbjargarviðleitni sem varð að beita til að komast af við erfiðar aðstæður.

Minjasafn Egils Ólafssonar var stofnað 22. júní 1983 þegar Egill Ólafsson og kona hans Ragnheiður Magnúsdóttir, ábúendur á Hnjóti, gáfu Vestur-Barðastrandarsýslu safnið. Egill byrjaði ungur að safna og hélt því áfram til dauðadags. Hann safnaði ötullega munum sem tengjast sögu sunnanverðra Vestfjarða.[1]

*Egill Ólafsson, stofnandi safnsins að Hnjóti. Mynd: Bjarni Jónsson. Minjasafn Egils Ólafss.*

**Úr söfnunarstefnu Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti**

**Helstu söfnunarflokkar eru:**

- Landbúnaður Safnað er heimildum um atvinnuhætti í landbúnaði, gömlum áhöldum og verkfærum.
- Sjávarnytjar Safnað er heimildum um sjávarnytjar almennt og sérstaklega heimildum og áhöldum og verkfærum tengdum hlunnindanýtingu. *Safnið tekur ekki við bátum og veiðarfærum til viðbótar þeim sem nú þegar eru á safninu. Bent er á Bátasafn Breiðafjarðar.*
- Verslunarminjar Safnað er heimildum og gripum tengdum verslun á svæðinu.
- Iðnaður Engu er safnað sem flokkast undir verksmiðjuframleiðslu.[2]

[1] Hnjotur.is
[2] Hnjotur.is

# Efnisyfirlit

Sexæringurinn Gola ..... 4
Fluga ..... 7
Hlunnindabátur frá Brekku ..... 9
Skekta frá Kollsvík ..... 11
Mummi BA 21 ..... 14
Svalvogabáturinn ..... 21
Kappróðrabátur ..... 24
Skúli Hjartarson BA 250 ..... 27
Frambyggður bátur ..... 34
Tveir kajakar ..... 36

Byrðingur af 17. aldar skipi? ..... 38

*Hnjótur, 2018. Safnhúsið er á hægri hönd. Mummi BA og Skúli Hjartarson BA eru vinstra megin. Bæjarhúsin að Hnjóti eru í bakgrunni. Ljósm. HMS*

*Sexæringurinn Gola á fastasýningunni á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

# Sexæringurinn Gola

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Árabátur, sexæringur
**3. Hlutverk:** Fiskibátur
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
**5. Fyrri eigendur:**
- Stefán Stefánsson, Bjarneyjum
- Sveinn Jónsson, Skáleyjum
- Jón Einar Jónsson, bóndi í Skálanesi [3]

**6. Varðveislustaður:** Minjasafn Egils Ólafssonar, minjasýning á Hnjóti

**7. Smíðaár:** 1882
**8. Smiður:** Bergsveinn Ólafsson, bóndi og skipasmiður í Bjarneyjum (1839-1999)
**9. Smíðastaður:** Bjarneyjar, Breiðafirði
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m**:
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður; súðbyrðingur

[3] Textaspjald við bátinn á sýningunni á Hnjóti

*Gola á minjasýningunni á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

**13. Skrokklag**: Breiðfirskt bátalag
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**: Tvær siglur; fokka, stórsegl, aftursegl
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**
Bátnum var róið frá eftirtöldum verstöðum: Bjarneyjum, Oddbjarnarskeri, Brunnum og Kollsvík. Hann þótti góður sjóbátur og afburða siglari. Hann var búinn gaffalseglum frá upphafi og er afturmastrið upphaflegt.[4]

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
Bjarneyjar, Oddbjarnarsker, Brunnar, Kollsvík
**22. Ástand báts:** Gott
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Gunnar Guðmundsson Skjaldvararfossi gerði við bátinn: Efsta umfar, þóftur og segl.[5]

**25. Heimildir:**
- Textaspjald á fastasýningunni á minjasafninu Hnjóti árið 2018.
**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur.

**27. Almenn umsögn:**
Meðal elstu báta á Íslandi. Vel varðveittur, merk saga.

[4] Textaspjaldi við bátinn á sýningunni á Hnjóti
[5] Sama heimild

*Gola á minjasýningunni á Hnjóti, 2018, framstefnið. Ljósm. HMS*

*Gola á minjasýningunni á Hnjóti, bönd og byrðingur, 2018. Ljósm. HMS*

*Frá Brunnaverstöð, skammt frá Látrabjargi, þar sem róið var fram um 1880.*[6] *Ljósm. HMS 2018*

[6] Upplýsingaskilti við Brunnaverstöð 2018, ómerkt

*Skjögtarinn Fluga í skemmu á Hnjóti. Kristinn Egilsson, sonur Egils Ólafssonar, sem varðveitt hefur bátinn síðustu 20 ár, stendur við hann. Ljósm. HMS 2018*

# Fluga

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Árabátur, fjórróinn; opinn vélbátur
**3. Hlutverk:** Skjögtari (flutningabátur)
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti
**5. Fyrri eigendur:**
**6. Varðveislustaður:** Skemma á Hnjóti í eigu Kristins Egilssonar.

**7. Aldur:** Báturinn er talinn jafnvel frá því fyrir 1900 [7]
**8. Smiður:**
**9. Smíðastaður:**
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 5,42 x 1,6 x 1,0 [8]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður; súðbyrtur
**13. Skrokklag**:
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:

[7] Jón Allansson bls. 59
[8] Lausleg / stærstu mál, tekin árið 2018

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**



*Skjögtarinn Fluga í skemmu á Hnjóti, afturhluti. Skrúfan er á sínum stað. Borðstokkurinn hefur orðið fyrir hnjaski. Ljósm. HMS 2018*

**20. Notkunarsaga:**
Báturinn er talinn hafa verið smíðaður fyrir aldamótin 1900 og mikið notaður til að sigla út í stærri báta og skip, þegar hafnaraðstæður voru frumstæðar. Síðasti eigandi bátsins mun hafa verið Ögmundur Ólafsson stýrimaður og skipstjóri frá Flatey (1895-1979), sem bjó um skeið í Reykjavík og tók þar stýrimannspróf en flutti aftur á æskustöðvarnar 1930 og var m.a. skipstjóri á flóabátnum Konráð 1930-1941. [9]

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
Flatey á Breiðafirði

**22. Ástand báts**: Gott / sæmilegt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
Ef gengið er út frá að báturinn sé frá því fyrir 1900 er ljóst að sett hefur verið vél í hann síðar og hann tekið breytingum sem því fylgja.

**24. Viðhald og viðgerðir:**
**25. Heimildir:**
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rvk. 1995.
- Ögmundur Ólafsson, minningargrein. Morgunblaðið 9.10. 1979

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:**
Ef báturinn er 19. aldar skjögtari, aldur er óviss, er hann einn fárra slíkra. Báturinn var óaðgengilegur til skoðunar árið 2018 en virtist heillegur, m.a. ekki fúinn að ráði.

[9] Jón Allansson bls. 59, Ögmundur Ólafsson minningargrein í Mbl. 9.10. 1979

*Hlunnindabátur frá Brekku. Ljósm. HMS 2018*

# Hlunnindabátur frá Brekku

1. **Safnnúmer:** ÞMS / SMS 1991-36 [10]
2. **Tegund**: Árabátur, feræringur
3. **Hlutverk:** Selveiðar og dúntekja
4. **Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
5. **Fyrri eigendur:** Andrés Ólafsson (1937-), bóndi og hreppstjóri á Brekku í Gufudalsssveit, A-Barðastrandarsýslu
6. **Varðveislustaður:** Vatnagarðaskýlið, Hnjóti

*Hlunnindabátur frá Brekku, barki. Ljósm. HMS 2018*

[10] Ágúst Ólafur Georgsson viðtal 2019

**7. Smíðaár:** 1937
**8. Smiður:** Þorbergur Ólafsson, Hallsteinsnesi
**9. Smíðastaður:** Brekka í Gufudalssveit [11]
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 4,5 x 1,43 x 0,75 [12]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður; súðbyrtur
**13. Skrokklag**: Breiðfirskt bátalag
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**
Hlunnindabátur smíðaður fyrir Andrés á Brekku. Mun hafa fokið í roki.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
Hallsteinsnes, Brekka, A-Barðastrandarsýsla

**22. Ástand báts**: Gott / sæmilegt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Kristinn Egilsson lagfærði bátinn fyrir bátasýningu á Hnjóti árið 2007.

**25. Heimildir:**
- Ágúst Ólafur Georgsson viðtal 2019
- Kristinn Egilsson viðtal 17.6. 2018
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rvk. 1995.
- Þorbergur Ólafsson: Vélbáturinn Björgvin frá Skarði á Skarðsströnd. Breiðfirðingur 50. árg. 1992, bls. 113.

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður safngripur

**27. Almenn umsögn:**
Athyglisverður bátur.[13]

[11] Ágúst Ólafur Georgsson viðtal 2019
[12] Utanmál
[13] Ágúst Ólafur Georgsson bar kennsl á bátinn á síðustu stigum skráningarinnar, 2019 og benti á greinina í Breiðfirðingi

*Skekta frá Kollsvík. Ljósm. HMS 2018*

# Skekta frá Kollsvík

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Árabátur
**3. Hlutverk:** Fiskibátur
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
**6. Varðveislustaður:** Vatnagarðaskýlið, Hnjóti

**7. Smíðaár:** 1920-1930 (?)
**8. Smiður:**
**9. Smíðastaður:**
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 6,05 x 1,7 x 0,58 [14]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður, súðbyrtur
**13. Skrokklag**:
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**

[14] Utanmál

Samkvæmt Kristni Egilssyni er báturinn frá Kollsvík, smíðaður af mönnum þar. Hann átti að fara á brennu árið 1970. Kristinn setti varnagla við minni sitt um þetta. [15]

*Skekta frá Kollsvík, horft niður í barka. Eins og sjá má eru komnar rifur á bátinn. Ljósm. HMS 2018*

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
Kollsvík var söguleg verstöð. Hún var ein mesta verstöð Vestfjarða fyrrum og stóð útræði frá Kollsvíkurveri fram um 1930.[16]

**22. Ástand báts**: Sæmilegt / slæmt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Kristinn Egilsson lagfærði bátinn að hluta fyrir bátasýningu á Hnjóti árið 2007.

**25. Heimildir:**
- Kristinn Egilsson, viðtal 17.6. 2018
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:**
Forvitnilegur bátur. Kanna þarf betur aldur, uppruna og sögu.

[15] Kristinn Egilsson viðtal 17.6. 2018
[16] wikipedia.org

*Skekta frá Kollsvík, horft fram ó barka. Ljósm. HMS 2018*

*Kort sem sýnir hvar Kollsvík er.*

*Mummi BA 21 fyrir utan safnhúsið á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

# Mummi BA 21

**1. Skipaskrárnúmer:** 687
**2. Tegund**: Dekkaður vélbátur
**3. Hlutverk:** Fiskibátur
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti

**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
- 1936: ÍS 35; Sturla Agnar Guðmundsson, Ísafirði
- 1943: Einar Guðfinnsson og Bernódus Halldórsson, Bolungarvík
- 1945: Sigurgeir Sigurðsson kaupir hlut Bernódusar Halldórssonar
- 1950: Mummi SI 51; Þórhallur Björnsson o.fl. , Siglufirði
- 1953: Mummi BA 21; Þráinn Hjartarson og Jón Þórðarson, Patreksfirði
- 1969: Þráinn Hjartarson, Patreksfirði
- 1978: Kristinn Jónsson, Haraldur Ólafsson og alnafni hans, Haraldur Ólafsson, Patreksfirði
- 1987: Kristinn J. Jónsson, Patreksfirði [17]
- 1989: Tekinn af skrá og gefinn Minjasafni Egils Ólafssonar [18]

**6. Varðveislustaður:** Á lóð minjasafnsins á Hnjóti, utandyra

[17] Jón Björnsson bls. 84
[18] Jón Allansson bls. 58

*Mummi BA 21 fyrir utan safnhúsið á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

**7. Smíðaár:** 1935
**8. Smiður:** Dráttarbraut Ísafjarðar; Bárður G. Tómasson yfirsmiður
**9. Smíðastaður:** Ísafjörður
**10. Brúttórúmlestir:** 11
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 11,8 x 3,6 x 1,35 [19]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Eik; sléttsúðungur
**13. Skrokklag**: Framstefni er lóðrétt, afturendinn er með hringmyndað hekk
**14. Þilför**: Alþilja
**15. Yfirbygging**: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi
**16. Lokuð rými**: Lúkar, lest, vélarrúm
**17. Möstur og seglabúnaður**: Frammastur
**18. Vél**:
- 1935: Rqap-vél 28 hö [20]
- 1947: Union vél 35 hö
- 1957: Kelvin-K3 vél 66 hö [21]

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**
Helstu siglingatæki eru á sínum stað í stýrishúsinu, sbr. meðfylgjandi mynd.

**20. Notkunarsaga:**
Báturinn var smíðaður í Dráttarbraut Ísafjarðar árið 1935 fyrir Sturlu Agnar Guðmundsson, skipstjóra og útgerðarmann á Ísafirði. Hann fékk skráningarheitið Mummi ÍS 35. 7. apríl 1943 var báturinn seldur til Bolungarvíkur. Kaupendur voru Einar Guðfinnsson útgerðarmaður og Bernódus Halldórsson skipstjóri. Í september 1945 eignaðist Sigurgeir Sigurðsson bátinn að hálfu á móti Einari Guðfinnssyni.

[19] Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 410
[20] Sigurjón Magnús Egilsson (stafsetning á tegundarheiti vélarinnar kann að vera röng)
[21] Jón Björnsson bls. 84

*Úr stýrishúsi Mumma BA 21, 2018. Ljósm. HMS*

Mummi var seldur til Siglufjarðar árið 1949. Kaupandi var Bílstjórakompaníið á Siglufirði. Á Siglufirði var nafni Mumma ekki breytt, en einkennisstafir hans urðu SI 51. Aðalráðamaður í Bílstjórakompaníinu var Þórhallur Björnsson verslunarmaður.

Þráinn Hjartarson og Jón Þórðarson á Patreksfirði keyptu Mumma árið 1950. Enn var sama nafn á bátnum en nú fékk hann einkennisstafina BA 21. Mummi var endurmældur 1969 og reyndist þá 12 tonn. Þráinn og Jón áttu Mumma lengst allra eða í 25 ár. 1978 var Mummi seldur þremur mönnum á Patreksfirði, þeim Kristni Jónssyni og tveimur mönnum sem voru alnafnar og hétu Haraldur Ólafsson. Eir hf. (Kristinn J. Jónsson?) á Patreksfirði eignaðist Mumma árið 1987.

Mummi var gefinn Agli Ólafssyni til varðveislu samkvæmt gjafabréfi dagsettu 17. júní 1989. Gefendur voru Kristinn Jónsson, Urðargötu 26 á Patreksfirði, og Jón Páll Halldórsson, Engjavegi 14 á Ísafirði.

*Á dekki á Mumma BA 21, 2018. Búnaðurinn á dekkinu mun vera til veiða á snurvoð (dragnót). Ljósm. HMS*

*Skipstjórar á Mumma frá upphafi:*

Sturla Agnar Guðmundsson á Ísafirði.
Bernódus Halldórsson á Bolungarvík.
Sigurgeir Sigurðsson á Bolungarvík.
Árni Jóhannesson á Siglufirði.
Jón Þórðarson á Vatneyri.
Þráinn Hjartarson á Vatneyri.
Haraldur Ólafsson á Vatneyri.
Kristinn Jónsson á Vatneyri.

Síðasta sjóferð Mumma var farin 28. júlí 1989 þegar honum var siglt frá Vatneyri í Örlygshöfn.[22]

Í gjafabréfinu sem Egill fékk með bátnum segir eftirfarandi: „Okkur undirrituðum er það mikil ánægja að afhenda þér vélbátinn Mumma BA 21 til eignar og varðveislu í Minjasafni þínu að Hnjóti í Rauðasandshreppi. Vélbáturinn Mummi BA 21 var smíðaður af Bárði G. Tómassyni skipaverkfræðingi í Dráttarbraut Ísafjarðar árið 1935. Hann er því einn af sárafáum bátum sem ennþá eru til eftir þennan merka brautryðjanda." Undir gjafabréfið skrifa Kristinn Jónsson og Jón Páll Halldórsson. [23]

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

[22] Sigurjón Magnús Egilsson
[23] Sigurjón Magnús Egilsson

*Bárður G. Tómasson* lærði skipasmíðar í Danmörku. Hann lauk námi í skipaverkfræði í Englandi árið 1914. Hann fluttist til Ísafjarðar 1916 þar sem hann stofnaði Dráttarbraut Ísafjarðar. Bárður lést á Ísafirði 1961.[24]

*Framdekkið á Mumma BA 21, á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

**22. Ástand báts**: Sæmilegt /slæmt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

**24. Viðhald og viðgerðir:**
Báturinn er mjög heillegur en hrakar hratt enda hefur mjög lítið verið gert til að varðveita hann undanfarna áratugi. Safnið hefur málað hann en ekki haldið í honum hita, breitt yfir hann o.s.frv.

**25. Heimildir:**

- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967
- Óskar Leifur Arnarsson, starfsmaður á Minjasafni Egils Ólafssonar, Hnjóti, viðtal 2018
- Sigurjón Magnús Egilsson: „Tveir merkilegir bátar á þurru landi.“ Sjómannablaðið Víkingur 1.12. 1994
- Jón Björnsson: Íslensk skip II, Rvk. 1990


[24] Sigurjón Magnús Egilsson

*Afturdekkið á Mumma BA 21, á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

*Mummi BA 21 kominn á sinn stað við minjasafnið á Hnjóti, 1994. Egill Ólafsson er lengst til hægri. Úr grein um bátinn í Sjómannablaðinu Víkingi, 1994.*

Samkvæmt heimildum átti Egill Ólafsson „margar aðrar upplýsingar um Mumma, svo sem um tækjabúnað frá upphafi og margt fleira. Þá á hann upplýsingar um hina ýmsu menn sem komu við sögu við smíði Mumma.“[25]

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur.

[25] Sigurjón Magnús Egilsson

**27. Almenn umsögn:**
Mummi er einn af örfáum dekkuðum fiskibátum landsins frá því fyrir 1940 og merkilegur fyrir margra hluta sakir. Hann er mjög heillegur en er fúinn og hrakar hratt.

*Úr lúkar Mumma BA 21, á Hnjóti, 2018. Allt er á sínum stað en torvelt var að fara niður í hann vegna þess hve fúinn stiginn var. Ljósm. HMS*

*Úr lúkar Mumma BA 21, á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

*Svalvogabáturinn. Ljósm. HMS 2018*

# Svalvogabáturinn

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Árabátur
**3. Hlutverk:** Fiskibátur (?)
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
**6. Varðveislustaður:** Vatnagarðaskýlið á Hnjóti

**7. Aldur:** Fyrir 1946
**8. Smiður:** Gísli Jóhannsson bátasmiður á Bíldudal [26]
**9. Smíðastaður:** Bíldudalur (?)
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m**: 5,8 x 1,76 x 0,75 [27]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður; súðbyrtur
**13. Skrokklag**:
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

[26] Kristinn Egilsson viðtal
[27] Mældur árið 2018 (stærstu mál)

*Svalvogabáturinn, miðskips og skutur. Ljósm. HMS 2018*

**20. Notkunarsaga:**
Svalvogar eru yst á nesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar (sbr. vitann). Báturinn var sóttur þangað um 1990, um það leyti sem jarðýtustjórinn Elís Kjaran (1928-2008) var að leggja veg þangað, Kjaransbraut. Báturinn var þá enn í naustinu í Svalvogum. Úlfar Thoroddsen sveitarstjóri á Patreksfirði hafði frumkvæði að því að sækja hann. Báturinn var hafður á bátasýningu árið 2007 á Hnjóti.[28]

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
*Gísli Jóhannsson bátasmiður.* Á árunum 1905-1946 er talið að Gísli hafi smíðað um 400 báta fyrir utan að lagfæra og breyta skútum og skipum.[29]

**22. Ástand báts**: Sæmilegt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Kristinn Egilsson yfirfór og lagfærði bátinn fyrir bátasýningu á Hnjóti árið 2007.

**25. Heimildir:**
- Kristinn Egilsson viðtal 17.6. 2018
- Sjómannablaðið Víkingur 1945 (grein eftir Jón Kr. Ísfeld)

Ræða þarf við Úlfar Thoroddsen um bátinn.

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:**
Afla þarf frekari upplýsinga um aldur og sögu bátsins.

[28] Kristinn Egilsson viðtal
[29] Í sjómannablaðinu Víkingi árið 1945 er grein eftir sr. Jón Kr. Ísfeld í tilefni af 45 ára starfsafmæli Gísla.

*Svalvogabáturinn. Byrðingurinn er að losna frá stefninu vegna áhrifa frá frosti og sól. Ljósm. HMS 2018*

*Kappróðrabátur. Ljósm. HMS 2018*

# Kappróðrabátur

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Árabátur
**3. Hlutverk:** Kappróðrabátur
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
**6. Varðveislustaður:** Vatnagarðaskýlið á Hnjóti

**7. Aldur:** Sennilega 1950-1960 [30]
**8. Smiður:** Etv. Gísli Jóhannsson bátasmiður á Bíldudal
**9. Smíðastaður:** Akureyri (?)
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 9,0 x 1,68 x 0,58 [31]
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Viður; súðbyrtur
**13. Skrokklag**:
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:

[30] Kristinn Egilsson mundi óljóst sögu bátsins, taldi hann vera etv. frá því fyrir 1940. Ágúst Ólafur Georgsson taldi hann frá 1950-1960.
[31] Mældur 2018 (stærstu mál)

*Kappróðrabáturinn, miðskips. Ljósm. HMS 2018*

**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**
Smíðaður fyrir Bílddælinga skv. Kristni Egilssyni, sem þó var ekki viss. Hann sótti bátinn við annan mann (nefndi nafn hans).[32] Kristin minnti að bátarnir hefðu verið tveir, eins og gera má ráð fyrir, ella hefði keppni ekki getað farið fram. Hinum bátnum hafi verið fleygt.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
**22. Ástand báts**: Gott
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Kristinn Egilsson yfirfór og lagfærði bátinn fyrir bátasýningu á Hnjóti árið 2007.

**25. Heimildir:**
- Kristinn Egilsson viðtal 17.6. 2018
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
Ath. með heimild um bátasýningu á Hnjóti árið 2007 – finnst ekki á netinu. Spyrja Úlf Thoroddsen.

**26. Varðveislustaða**: Óljóst er hvort báturinn er aldursfriðaður; óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:** Afla þarf frekari upplýsinga um aldur og sögu bátsins. Fáir eldri kappróðrabátar eru á söfnum hérlendis.

[32] Heimild: Kristinn Egilsson viðtal. Þetta gæti líka verið fyrsti bátur Sjómannadagsráðs á Akureyri, sem skv. Jóni Allanssyni var í eigu safnsins á Hnjóti árið 1995. Hann á reyndar að vera um 12 m á lengd en ekki 9.

*Kappróðrabáturinn, framstefni. Ljósm. HMS 2018*

*Skúli Hjartarson BA 250 á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

# Skúli Hjartarson BA 250

**1. Skipaskrárnúmer:** 770
**2. Tegund**: Dekkaður vélbátur
**3. Hlutverk:** Fiskibátur
**4. Eigandi:** Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti
**5. Fyrri eigendur:**
Báturinn hét alla tíð Skúli Hjartarson og var skráður á Patreksfirði
- 1958: Björn J. Björnsson, Sigurður Skúlason, Haraldur Ólafsson og Rögnvaldur Haraldsson
- 1960: Björn J. Björnsson, Sigurður Skúlason og Bogi Þórðarson
- 1960: Einar Eggertsson, Reykjavík, kaupir hlut Sigurðar Skúlasonar
- 1963: Torfi Jónsson og Hjörtur Óli Halldórsson, Patreksfirði
- 1970: Dröfn hf, Patreksfirði [33]
- 1984: Torfi Jónsson og fjölskylda [34]
- 1997: Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti í Örlygshöfn

**6. Varðveislustaður:** Á lóð Minjasafns Egils Ólafssonar, utandyra

[33] Jón Björnsson bls. 68
[34] Morgunblaðið 8.2. 2000

*Skutur Skúla Hjartarsonar BA 250, 2018. Búnaðurinn á afturdekkinu er sennilega fyrir snurvoð. Ljósm. HMS*

**7. Smíðaár:** 1946 (sjósettur 1958) [35]
**8. Smiður:** Gísli Jóhannsson
**9. Smíðastaður:** Bíldudalur
**10. Brúttórúmlestir**: 12
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 10,72 x 3,62 x 1,54
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**: Eik og fura; súðbyrtur, innsúð fullkomin [36]
**13. Skrokklag**: Lotað framstefni, afturhlutinn er með bogmyndað hekk[37]
**14. Þilför**: Alþilja
**15. Yfirbygging**: Stýrishús, lúkarskappi
**16. Lokuð rými**: Vélarúm, lest og lúkar
**17. Möstur og seglabúnaður**: tvær siglur; fokka, stórsegl, aftursegl
**18. Vél**:
- 1958: MWM díselvél 85 hö [38]
- 1985: Scania vél 131 hö (ath.)

**19. Siglingatæki og annar búnaður:** Á dekki er búnaður til snurvoðarveiða.

**20. Notkunarsaga:**
Einar Guðfinnsson, útgerðarmaður í Bolungarvík, bað Gísla Jóhannsson bátasmið að smíða fyrir sig tvo báta. Þeir áttu að vera um 12 brúttórúmlestir að stærð en það hentaði hafnaraðstöðunni í Bolungarvík á þeim tíma, þ.e. 1940-1944. Einar tók síðan fyrri bátinn sem hét Særún. Þegar lokið var við smíði á seinni bátnum hafði hafnaraðstaðan breyst þannig að nú var hægt að nota mun

[35] „Báturinn Skúli Hjartarson gefinn að Hnjóti.“ Mbl. 8.2. 2000
[36] Jón Allansson bls. 60
[37] Jón Allansson bls. 60
[38] 123.is

stærri báta í Bolungarvík. Einar tók því aldrei seinni bátinn og mun þar vera komin ástæðan fyrir því að báturinn stóð í 12 ár í smíðahúsinu hjá Gísla eða 1946-1958 að hann var sjósettur.




*Skúli Hjartarson BA 250 á siglingu. Ljósm. Jón Björnsson* [39]

Björn J. Björnsson, Sigurður Skúlason, Rögnvaldur Bjarnason og Haraldur Ólafsson keyptu bátinn um síðir og áttu hann til ársins 1963 er Torfi Jónsson og Hjörtur Halldórsson keyptu hann. Torfi og Hjörtur reru saman í 21 ár en þá keyptu Torfi og fjölskylda hans hlut Hjartar í bátnum. Torfi reri honum svo fram á haustið 1997.[40]

Snurvoðar-spil bátsins smíðaði Matthías Guðmundsson frá Þingeyri og var það sett í Skúla 1960. Spildrifið er spilrass úr Ford-vörubíl árgerð 1935 og er það í sinni upprunalegu mynd. Kompásinn í Skúla Hjartarsyni er þakkompásinn úr togaranum Sargon sem strandaði undir Hafnarmúla 1948.

Í desember 1997 gáfu Torfi Jónsson og fjölskylda Agli Ólafssyni á Hnjóti í Örlygshöfn bátinn til minningar um Gísla Jóhannsson bátasmið því þetta mun vera eini báturinn sem til er eftir þann merka mann. 1. febrúar árið 2000 var báturinn síðan fluttur á vörubíl að Hnjóti. [41]

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

*Gísli Jóhannsson bátasmiður*

[39] Myndin er fengin úr bók Jóns Björnssonar, Íslensk skip I.
[40] „Báturinn Skúli Hjartarson gefinn að Hnjóti.“ Mbl 8.2. 2000
[41] 123.is

Á árunum 1905-1946 er talið að Gísli hafi smíðað um 400 báta fyrir utan að lagfæra og breyta skútum og skipum. Í Sjómannablaðinu Víkingi árið 1945 er grein eftir sr. Jón Kr. Ísfeld í tilefni 45 ára starfsafmæli Gísla, en þar segir að Gísli muni hafa smíðað þennan bát á einu ári. Hann setti á hann byrðinginn (byrti hann) einsamall úr 15" þykkri eik, einnig lagði hann kjölinn einn og hann vann stefnið úr 11" þykkri eik. Var efnið svo þykkt að ekki var hægt að vinna það með vélsög svo hann varð að saga það með handsög. Þetta sýnir kraft og dugnað Gísla.[42]

*Skúli Hjartarson fluttur að Hnjóti. Ljósm úr Mbl. 8.2. 2000*

*Skúli Hjartarson BA 250 á siglingu, sennilega skömmu fyrir aldamót 2000; myndin er tekin á sjómannadegi. Ljósm. Aðalsteinn Júlíusson [43]*

[42] „Báturinn Skúli Hjartarson gefinn að Hnjóti.“ Mbl. 8.2. 2000
[43] 123.is

**22. Ástand báts**: Sæmilegt
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**
Báturinn lítur heillega út en fúnar hratt enda hefur mjög lítið verið gert til að varðveita hann undanfarna áratugi. T.d. er ekki breitt yfir hann segl á vetrum.

**25. Heimildir:**
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
- „Báturinn Skúli Hjartarson gefinn að Hnjóti.“ Morgunblaðið 8.2. 2000
- Jón Björnsson: Íslensk skip I. Rvk. 1990, bls. 68
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 422
- Óskar Leifur Arnarsson, starfsmaður á Minjasafni Egils Ólafssonar, Hnjóti, viðtal 2018
- 123.is/skipamyndir Hafþórs Hreiðarssonar 3.8. 2009
- Ágúst Ólafur Georgsson, viðtal 2019

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

**27. Almenn umsögn:**
Báturinn er sá eini sem varðveittur er af bátum Gísla Jóhannssonar. Hann er einnig einn af elstu dekkuðu fiskibátum landsins. En hann fúnar hratt því að mjög lítið hefur verið gert til að varðveita hann undanfarna áratugi.

*Framdekk Skúla Hjartarsonar BA 250 árið 2018. Ljósm. HMS*

*Stýrishús og dekk Skúla Hjartarsonar BA 250, 2018. Á dekkinu er búnaður til snurvoðaveiða, smíðaður á Þingeyri.*[44] *Ljósm. HMS 2018*

*Skrúfa og stýrisblað Skúla Hjartarsonar BA 250 á Hnjóti, 2018. Ljósm. HMS*

[44] Ágúst Ólafur Georgsson viðtal 2019

## Kvæði um Skúla Hjartarson BA 250

Báturinn heitir eftir föður eins af fyrstu eigendunum, Sigurði Skúlasyni. Þegar Skúli frétti af því bað hann Jón Jóhannsson, hreppstjóra á Bíldudal, að yrkja fyrir sig vísur sem fylgt gætu bátnum við sjósetningu. Hreppstjórinn varð við óskinni og orti nokkuð torráðið kvæði:

Þótt reifuð skarti ránarmey
renni hart að starfi.
Skeiðar djarft og skelfist ei
Skúli Hjartararfi.

Er blátt við drafnar bylgjutraf
boðar kafna og springa.
Þú skalt nafni orku af
öldusafnið þvinga.

Hót ei saki heiður þinn
hrönn þótt kvaki grettin
endurvakinn annað sinn
út að taka sprettinn.

Bylgju safnið bátur rann
beina jafna línu.
Eflaust kafnar aldrei hann
undir nafni sínu.

Nú er hann Skúli að feta fyrstu sporin
og frjáls sér leikur Ægis dætur við
svo íturvaxinn ungur endurborinn
af afli knúinn ristir bylgju nið.

Þér fylgi gæfa hafs á hálum brautum
og hlaðist að þér mikill þorskafans
en komi ætíð heill úr hafsins þrautum
með heilan farm og gleði sérhvers manns.[45]

[45] „Báturinn Skúli Hjartarson gefinn að Hnjóti.“ Mbl 8.2. 2000

*Frambyggður bátur fyrir utan Vatnagarðaskýlið á Hnjóti. Ljósm. HMS 2018*

# Frambyggður bátur

Óljóst er hvaða bátur þetta er. Álitið var að þetta væri Nökkvi BA 12, skipaskrárnúmer 6694, sjá Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1. Rvk. 1999, bls. 69-70. En ef svo er þá er hann mjög breyttur frá því sem var, sbr. ljósmynd hjá Jóni á bls. 70.

Þetta er forvitnilegur bátur, fallegur og annarar gerðar og stærðar en hinir bátarnir á safninu. En það þarf að afla frekari heimilda um hann og hann þarf að komast inn í hús ef á að varðveita hann.

*Skutur bátsins. Ljósm. HMS 2018*

*Frambyggður bátur, stýrishúsið að innan. Engin siglingatæki eru sjáanleg. Ljósm. HMS 2018*

*Tveir kajakar í anddyri safnhússins að Hnjóti. Ljósm. HMS 2018*

# Tveir kajakar

**1. Safnnúmer:**
**2. Tegund**: Kajak / húðkeypur
**3. Hlutverk:** Skemmtibátar
**4. Eigandi:** Afkomendur smiðsins (lánsgripir)
**5. Fyrri eigendur:**
**6. Varðveislustaður:** Safnhúsið á Hnjóti, anddyri

**7. Smíðaár:** 1938
**8. Hönnuður:** Smíðaðir eftir teikningu Hjálmars R. Bárðarsonar, síðar siglingamálastjóra
**9. Smíðastaður:** Patreksfjörður (?)
**10. Brúttórúmlestir:**
**11. Lengd, breidd og dýpt í m:**
**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**:
**13. Skrokklag**:
**14. Þilför**:
**15. Yfirbygging**:
**16. Lokuð rými**:
**17. Möstur og seglabúnaður**:
**18. Vél**:
**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

*Tveir kajakar. Ljósm. HMS 2018*

**20. Notkunarsaga:**
**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**
**22. Ástand báts**:
**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**
**24. Viðhald og viðgerðir:**

**25. Heimildir:**
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.

**26. Varðveislustaða**: Aldursfriðaðir

**27. Almenn umsögn:**
Kajakarnir hafa fremur lítið varðveislugildi. Þeir eru líka lánsgripir enn sem komið þó að líklegt sé að þeir verði gefnir á safnið með tíð og tíma.

*Byrðingur af 17. aldar skipi? Þessi trefleki kom upp í sandinum í Örlygshöfn. Ljósm. HMS 2018*

# Byrðingur af 17. aldar skipi?

Þessi trefleki er talinn vera byrðingur af 17. eða 18. aldar skipi, etv. frá 1695, en sagnir herma að þá hafi verið átök á miðunum og skip strandað við Örlygshöfn. Flekinn var settur í hús, Vatnagarðaskýlið á Hnjóti, að frumkvæði Þórs Magnússonar, þáverandi þjóðminjavarðar. Þór mun hafa skrifað greinargerð um hann. [46]

Úr flekanum má lesa heilmiklar upplýsingar um þau erlendu skip sem stunduðu veiðar við Ísland fyrr á öldum. Forvitnilegt er að bera þá saman við íslenska báta og umhugsunarefni að þau skyldu hafa verið hérna allan þann tíma, í 500-600 ár, áður en Íslendingar sjálfir tóku upp þilskipaveiðar að ráði. Þeir héldu sig við opna árabáta.

[46] Kristinn Egilsson viðtal 17.6. 2018